

Sveinspróf í húsgagnabólstrun

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á prófpáttalýsingu og skilgreinir vægi prófpátta. Jafnframt sér sveinsprófsnefnd um framkvæmd prófsins, m.a. tímalengd, velur/samþykkir prófverkefni og prófstað í hverju tilviki fyrir sig.

Verkefni 1

Sveinspróf í húsgagnabólstrun felst í að bólstra stól frá grunni. Í sæti er settur strigaborði, fjaðrir (gormar) saumaðar í borðann og bundnar í grindina og einnig bundinn sérkantur. Fjaðrir eru að lágmarki 13, níu í sæti og fjórar í sérkant. Kantvír saumaður við fjaðrir. Yfir fjaðrirnar er festur strigi og síðan er formuð faconmotta; með blári eða bieler (ekki svampi), síðan yfirstopp s.s. ló eða sambærilegt efni, og að lokum er saumuð léreft yfir.

Í bak og arma er leyfilegt að nota svamp eða sambærilegt efni.

Stóllinn er síðan klæddur með áklæði og saumuð húsgagnasnúra þar sem við á. Einnig er leyfilegt að klæða stóllinn með leðri og sleppa þá snúrunni.

Verkefni 1 gildir 80%.

Verkefni 2

Saumað áklæði utan um svamppúða ca. 50 x 60 x 10 cm með kanti, yfirstunginn á annarri hliðinni og með miðseymi á hinn. Rennilás á einni hlið.

Verkefni 2 gildir 10%.

Verkefni 3

Hefting á plötu með 5 - 8 cm þykkum svampi. Stærð á plötu skal vera 35 x 50 cm og hnappafjöldinn a.m.k. 10 stk.

Verkefni 3 gildir 5%.

Verkefni 4

Fimm munnlegar spurningar sem tengjast faginu og endurspegla markmið og tilgang námsins.

Verkefni 4 gildir 5%.

Til að leysa sveinspróf í húsgagnabólstrun þarf próftaki að hafa viðeigandi verkfæri í samráði við sveinsprófsnefnd.

Þegar prófverkefni og prófstaður hafa verið valin og samþykkt af sveinsprófsnefnd getur próftaki hafist handa og í fyrstu lotu klárar hann að binda upp sætið; kallar þá á prófnefnd sem metur verkið og gefur próftaka frekari fyriræli um framvindu prófsins.

Sveinsprófsnefndarfolk eru þau einu sem hafa heimild til að vera viðstödd próftöku ásamt próftaka.

Tímalengd sveinsprófs í húsgagnabólstrun er að hámarki þrjár vikur eða 90 klst.

Að loknu sveinsprófi kemur sveinsprófsnefnd saman og ákveður einkunn. Formaður nefndarinnar kemur niðurstöðu hennar til liðunnar eigi síðar er 10 dögum frá lokum prófs. Sveinsprófstaki getur óskað eftir nánari skýringum á einkunnagjöf.

Sveinsprófsnefnd í húsgagnabólstrun 2023 - 2027 er þannig skipuð:

Aðalmenn;

Ásgeir Norðdahl Ólafsson, formaður.

Birgir Karlsson

Loftur Þór Pétursson

Varamenn;

Ásgrímur Þór Ásgrímsson

Berglind Hafsteinsdóttir

Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir